




# Háteigur



10. árgangur 9. tbl.

24. nóvember 2006

## LÍÐAN NEMENDA Í HÁTEIGSSKÓLA YFIRLEITT GÓÐ

<http://www.hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Íslenski veturinn hefur nú í tvígang klætt sig í hefðbundinn búning sinn. Við eigum því ekki að venjast og börnin okkar eiga það til að leyfa skynseminni að fjúka með snjóboltunum. Snjórinn hefur nefnilega aldrei verið svo lengi í einu að þau læri vel á hann. Bæði kennarar og skólastjórnendur reyna því í hvert sinn sem snjórinn kemur að hvetja börnin til að haga sér vel og líta á snjóinn sem leik og skemmtitæki en ekki sem ofbeldistæki. Við hvetjum börnin til snjóleikja og að þau gæti þess að allir sem taka þátt hafi gert það af fúsum og frjálsum vilja. Við hvetjum þau einnig til þess að taka tillit til þeirra sem taka ekki þátt eða eru fjarri vettvangi. Það er því miður alltaf einhverjir sem freistast til að láta snjóbolta svífa hátt og láta hann lenda inni í þvögu þar sem einhver fær hann í sig sem er óundirbúinn. Við höfum ekki bannað snjókast sem leik á milli nemenda heldur hvatt nemendur til að hafa hólinn sem svæði til slíkra leikja. Þetta tekst ekki nægilega vel og það þarf mikið að ganga um og áminna og hvetja. Sem betur fer hafa engin alvarlega slys orðið á skólalóðinni og tel ég það vera vegna þess að við reynum að vaka yfir stundahléum til að tryggja að allt fari vel fram. Sjálfur fer ég út og tek þátt í gæslunni. Það er gott að vita að þegar mál eru að lenda í hnút og starfsmaður kemur, að það tekst að leysa vandann eða að koma í veg fyrir hann. Mig langar að biðja foreldra að ræða við börnin sín og hvetja þau til að leika sér í snjónum, forðast hasar og fara að fyrirætlum starfsfólks. Gerum góðan skóla ennþá betri með því að ræða við börnin um líðan og skóladaginn helst á hverju kvöldi. Háteigsskóli gerði núna um síðustu mánaðamót sína áttundu könnun á líðan nemenda. Niðurstaðan kom okkur mjög á óvart og gladdi okkur. 90% nemenda tóku þátt í könnuninni í 5. til 10. bekkjum og nú segja 88% þeirra að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum og 91% segja að þeim líði vel eða mjög vel í bekknum sínum. Allt til ársins í ár hafa að meðaltali 4,5% nemenda sagt okkur að þeim líði illa eða mjög illa en nú er þessi fjöldi 1%. Starfið í skólanum ber þess merki að svona er líðan barnanna. Það verður hins vegar erfitt að halda þessari stöðu. Þegar við

gerðum þessa könnun fyrst árið 1999 þá sögðu 68% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum. Með því að stilla saman okkar strengi höfum við náð árangri. Í 2. til 4. bekkjum þurfa nemendur að velja á milli þriggja mynda út frá ákveðnum fullyrðingum, brosi, striki og skeifu. Þegar við biðjum nemendur um að hugsa til kennslustundanna segja 71% að það komi brosi upp í hugann en 27% að það komi strik, einungis 3% fá skeifu af tilhugsuninni. Þegar þau hugsa heim til sín fá 87% brosi upp í hugann, 7% fá strik og 6% skeifu. 79% fá brosi þegar þau hugsa um bekkjarfélagana. Við getum öll glaðst yfir þessum niðurstöðum og fengið brosi í hugann þegar við hugsum um framtíð barnanna og skólans. Með snjóhvítri kveðju,  
Ásgeir skólastjóri

### Skilaboð vegna lúsasmits

Kæru foreldrar/forráðamenn

Sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin af skólastjórnendum og skólaheilsugæslunni um að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur þegar tilkynning berst til skólans um að lús hafi fundist í hári nemanda. Fram til þessa hafa foreldrar fengið tilkynningu um lúsasmit og þeir beðnir um að kemma hár barna sinna og senda blaðið undirritað með barninu í skólann næsta dag. Framvegis verða foreldrar látnir vita ef tilkynning berst um lúsasmit bæði bréfléiðis og í tölvupósti. Þeir verða hvattir til að kemma hár barna sinna, en ekki verður farið fram á undirskrift foreldra um lúsakembingu. Á heimasíðu skólans undir foreldrar er krækja sem heitir höfuðlús; þar eru upplýsingar frá landlæknisembættinu um það hvernig eigi að kemma og hvað skuli gera ef lús finnst. Áfram verður hægt að leita ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi.

Mikilvægt er að vera vel á varðbergi og kemma hár barna sinna reglulega og láta vita ef lús finnst.

Með ósk um gott samstarf,

Þórður Óskarsson aðstoðarskólastjóri,  
Tinna Elín Knútsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

## Verkhringur á miðstigi

Nú er fyrsta lota verkhrings á miðstigi í fullum gangi. Verið er að taka fyrir islamstrú og er nemendum blandað í sex hópa sem vinna verkleg verkefni sem tengjast trúnni. Allir nemendur fara í öll verkefni en þau eru:

Bænamotta

Ramadan

Leiklist í kennslu

Moska

Útbreiðsla trúarinnar í heiminum

Arabískt letur og Kóraninn

Við erum um það bil hálfnuð með þessa lotu og er það samdóma mat okkar sem kennum á miðstigi að það gangi afskaplega vel, nemendur eru áhugasamir og duglegir.

Með kveðju,

Umsjónarkennarar á miðstigi

## Dagur íslenskrar tungu

Fimmtudaginn 16. nóvember, sem er fæðingardagur skáldsins Jónasar Hallgrímssonar, var dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur í Háteigsskóla. Áhersla var lögð á upplestur þennan dag og fóru eldri nemendur til þeirra yngri og lásu fyrir þá. Þannig heimsóttu 6. bekkingar 2. bekk, 7. bekkingar fóru til 4. bekkinga, 8. bekkingar lásu fyrir 3. bekk og 9. bekkingar heimsóttu 1. bekk. Nemendur 10. bekkjar heimsóttu eldri borgara að Bólstaðarhlíð 43 og 5. bekkingar skiptu sér á milli leikskólanna Klambra, Nóa-borgar og Stakkaborgar og heimsóttu 5 ára börnin þar. Vel tókst til og ánægja var með þennan dag í öllum bekkjum.

## Dagur íslenskrar tungu hjá 4. og 7. bekk

Í tilefni af degi íslenskrar tungu ákváðu 4. og 7. bekkur að vinna verkefni saman um bókina Völuspá eftir Þórarin Eldjárn. Hann endurorti ljóðið svo að nútímabörn geti lesið það. 7. bekkur skipti ljóðinu á milli sín og las fyrir 4. bekk. 7. LP las fyrir 4. KR og 7. JGJ las fyrir 4. HP. 7. bekkur gerði svo klippimyndir við annað hvort erindi, og svo 4. bekkur við hin. Myndirnar eiga svo eftir að hanga til sýnis á ganginum á milli 2. og 3. hæðar.

Þessir bekkir hafa áður unnið saman á þemadögum og degi íslenskrar tungu í fyrra.

Flestum krökkunum finnst gaman að vinna svona verkefni með öðrum bekkjum því að það er gaman að vera með öðrum krökkum og kennurum og því þeim finnst gaman að fönðra.

Fyrir hönd 7. bekkjar, Valgerður Björnsdóttir.

## Liðsmaður flokksins

Um daginn vann ég bikar á uppskeruhátíð hjá Val og svo fékk ég líka medalíu eins og allir. Eftir það var veisla. Það voru kökur, kanelsnúðar, gos, kleinur, piparkökur og djús og litli bróðir var með. Það var gaman. Eftir uppskeruhátíðina fór ég að horfa á Arsenal-ManUtd. Svo fór ég út að leika mér. Ég var úti í svona 3 klukkutíma. Ég var í fótbolta úti. Pegar ég var búinn fór ég í afmæli.

Kristófer Orri Pétursson, 3. bekk

## Saga af börnum

Einu sinni voru tvær stelpur, þær eru vinkonur. Ein heitir Sara, ein heitir Rósa. Rósa á 3 systkin. Ein er 8 ára og heitir Lísá. Rósa og Sara eru 10 ára og önnur systir Rósu er 6 ára og hún heitir Lína og yngsta systir Rósu er 4 ára, hún heitir Nína. Sara á tvö systkin. Einn heitir Tommi, hann er 9 ára. Hinn heitir Tómas. Tommi er góður. Tómas er leiðinlegur og hann er 11 ára. Rósa, Sara og Lísá ætluðu að fara út að leika teygjutvist. Lísá byrjaði að hoppa, svo var Rósa og síðust var Sara. Einu sinni var Tómas að stríða Rósu og Söru.

Eva Rós Anh Phuong Le, 3. bekk

## Boð til foreldra í hangikjötsveislu

Foreldrum nemenda í 1. – 4. bekk er boðið í hangikjötsveislu í hádeginu 13. desember nk. Foreldrum miðstigs-nemenda er svo boðið 14. desember og unglíngastígs 15. desember. Nánari upplýsingar verða sendar síðar.

## Tónlist fyrir alla

Í síðustu viku fengu nemendur miðstígs góða gesti í tengslum við verkefnið „Tónlist fyrir alla“. Trío Björns Thoroddsens og Egill Ólafsson fluttu „Heimsreisu Höllu“ sem er dagskrá byggð á íslenska þjóðlaginu „Ljósið kemur langt og mjótt.“ Nemendur tóku gestunum vel og töfrðu tónlistarmennirnir fram gleði í hvert hjarta.

## Álfabörn

Einu sinni voru ég og Kári að leika okkur í fótbolta og allt í einu stóðu álfabörn þar. Þau voru lítil með uppmjó eyru og þau voru strákur og stelpa. Við vorum hræddir fyrst og fórum upp á mark og svo spurðu álfabörninn, viljið þið fara í fótbolta og þá sögðum við já, já. Við fórum að leika saman í fótbolta og það var gaman.

Jökull Máni Kjartansson, 4. bekk

## Dúkristur

Nemendur hjá Siggú Jónu myndmenntakennara læra að þrykkja myndir með ýmsum aðferðum.

Dúkristurnar eru býsna erfiðar en geta skilað gullfallegum myndum ef vel er unnið og vandað til verka.

Efri myndina hér til hliðar gerði Aron Trausti Björnsson og neðri myndina gerði Vésteinn Tryggvason, báðir í 6. bekk.



Spakmæli mánaðarins:



Bros til lifandi manna er meira um vert en þúsund tár fyrir hina látnu.